



## GJALDSKRÁ Hitaveita Heiðarskóla

### 1. gr.

Hvalfjarðarsveit selur heitt vatn til eigenda húsnæðis við Skólastíg í Hvalfjarðarsveit samkvæmt ákvæðum gjaldskrá þessari.

### 2. gr.

Hitaveitan lætur almennum viðskiptavinum í té vatn eigi kaldara en 50°C við mælagrind. Hvalfjarðarsveit selur vatnið í gegnum rennslismæli sem er í eigu sveitarfélagsins. Hvalfjarðarsveit áskilur sér rétt til að setja upp hemla til þess að takmarka rennsli, en þannig má halda uppi þrýsting á kerfum veitunnar og stjórna notkun á milli aðila á kerfinu.

### 3. gr.

Einungis starfsmönnum sveitarfélagsins er heimilt að breyta eða stilla kerfi veitunnar.

### 4. gr.

Viðskiptavinir skulu greiða fyrir afnot heita vatnsins sem hér segir:

Kr. 177,- fyrir hvern m<sup>3</sup> vatns samkvæmt rennslismæli.

Kr. 490,- fyrir mælaleigu á mánuði.

### 5. gr.

Lesi skal af mælum að jafnaði 2 sinnum á ári og áætla notkun þess á milli. Hitaveitugjöld skulu greidd hvern mánuð samkvæmt 4. gr. Gjaldþagi er síðasti dagur útgáfumánaðar reiknings og eindagi 15 dögum seinna. Sé reikningur eigi greiddur í síðasta lagi á eindaga skal greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti frá gjaldþaga til greiðsludags. Heimilt er að fækka eða fjölga álestrum og gjaldþögum. Ef lokað hefur verið fyrir vatn vegna vanskila er hitaveitunni heimilt að krefjast opnunargjalds áður en opnað er fyrir heita vatnið að nýju og skal upphæðin vera:

Kr. 13.346,-

### 6. gr.

Á öll framangreind gjöld í þessari gjaldskrá leggjast skattar samkvæmt reglum hins opinbera á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar á sveitarstjórnarfundi nr. 306, þann 12.05.2020 og er gildistaka gjaldskrárinnar 1.janúar 2021 samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar á sveitarstjórnarfundi nr. 311 þann 11.08.2020.

**Linda Björk Pálsdóttir**  
sveitarstjóri